

# Almannavarnir Árnassýslu

1. fundur Almannavarnarnefndar Árnassýslu, haldinn föstudaginn  
30. janúar 2009 Kl: 11.00 að Austurvegi 2, Selfossi,

## Mættir:

Árborg

Bláskógabyggð

Flóahreppur

Grímsnes- og Grafningshreppur

Hrunamannahreppur

Hveragerðisbær

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Ölfus

Lögreglustjórinn í Árnassýslu

Yfirlögregluþjónn

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Svæðisstjórn björgunarsveita

Rauði krossinn

Brunavarnir Árnassýslu

Ragnheiður Hergeirsdóttir (bæjarst)

Valtýr Valtýsson (sveitarst.)

Margrét Sigurðardóttir (sveitarst.)

Jón G. Valgeirsson (sveitarst.)

Ísólfur Gylfi Pálmason (sveitarst.)

Aldís Hafsteinsdóttir (bæjarst)

Sigurður Jónsson (sveitarst.)

Sigurður Jónsson (byggingaf.)

Ólafur Helgi Kjartansson

Oddur Árnason

Magnús Skúlason (framkv.st)

Þorvaldur Guðmundsson

Eyrún Sigurðardóttir

Kristján Einarsson

framkvæmdastjóri nefndarinnar, sem ritaði fundargerð

Ragnheiður bauð fundarmenn velkomna fyrir hönd Árborgar þar sem fundarstaður er í Ráðhúsi Árborgar. Hún fór síðan yfir aðdraganda fundarins.

Kristján fór yfir dagskrá fundarins, hann sagði mörg atriði óljós þar sem þessi fyrsti fundur myndi marka stefnu Almannavarnarnefndar til næstu ára.

Ragnheiður tók að sér fundarstjórn og gekk til dagskrár:

## Dagskrá:

### 1. Nefndin skipar með sér verkum

a) Uppástungur komu um Ragnheiði Hergeirsdóttur sem formann nefndarinnar, Aldísi Hafsteinsdóttur sem varaformann og Jón G. Valgeirsson sem ritara.

**Tillögur bornar upp og samþykktar einróma.**

b) Eftir nokkra umræðu var ákveðið að halda ekki úti sérstakri framkvæmdastjórn.

Almannavarnarnefnd verður rekin sem sjálfstæð eining þar sem formaður, varaformaður, ritari og framkvæmdastjóri leggja verkefni fyrir nefndina hverju sinni.

Eins geta einstaka nefndarmenn lagt fyrir mál til umfjöllunar og afgreiðslu.

c) Rætt um fundartíma, samþykktir kveða á um a.m.k. fjóra fundi á ári. Fram koma að nefndin þyrfti að funda nokkuð oft til að byrja með þar sem verkefni væru margvísleg. T.d. stofnun aðgerðastjórna, fjárhagsáætlun, yfirferð gagna og samlestur o.m.fl.

## 2. Umræður um fjármál AÁ

a) Kristján lagði fram uppfærða fjárhagsáætlun Almannaþingarnefndar Árborgar og nágrennis fyrir árið 2008. Kostnaðarliðir voru uppfærðir um 50% en ný almannaþingarnefnd í Árnassýslu þarf að huga að rúmlega 15 þúsund íbúum sýslunnar.

Fjárhagsáætlunin verður notuð til hliðsjónar í störfum nefndarinnar þegar kemur að fjármálalið nýrrar nefndar.

b) Rætt var um ýmsar eignir almannaþinganna í sýslunni.

Samþykkt að vinna upp eignaskrá og leggja hana fram við uppsetningu á aðgerðastjórnnum. Var talið eðlilegast að reyna að hafa þær eignir sem þegar eru til á hverjum stað, áfram þar ef mögulegt verður.

c) Kristján skýrði frá starfsemi skrifstofu Almannaþingarnefndar Árborgar og nágrennis en hún hefur verið hjá Brunavörnum Árnassýslu undanfarin á.

Haldið er úti sérstöku símanúmeri (482-1220) og hafa margir leitað til skrifstofunnar á liðnum árum með margvísleg erindi.

d) Ólafur skýrði frá aðstöðu almannaþinganna í kjallara lögreglustöðvarinnar við Hörðuvelli á Selfossi og fór yfir búnað sem þar er.

Hann sagði þessa aðstöðu opna fyrir AÁ þegar þurfa þykir.

## 3. Aðgerðahópar ?

Umræður um aðgerðahópa leiddi til þess að nefndarmenn samþykktu eftirfarandi tillögu:

**Samþykkt að nefndarmenn fari í ferð um Árnassýslu og skoði starfsstöðvar almannaþinganna, aðstöðu björgunarsveita og fl. tengt almannaþingnum í sýslunni.**

**Framkvæmdastjóra falið að koma þessari ferð á og leggja fyrir næsta fund ferðaáætlun.**

**Að skoðun lokinni verður umræða tekin upp hvar og hvernig aðgerðahópar verða staðsettir og skipaðir.**

## 4. Skil við f.v. almannaþingarnefndir

Ákveðið að senda fyrirverandi nefndarmönnum í almannaþingarnefndum bréf þar sem þeim er þökkuð þeirra störf í þágu almannaþinganna.

Eins verður farið fram á það við þessa einstaklinga að þeir verði til taks ef á þarf að halda, þar til skipað hefur verið í aðgerðastjórnir á þeim svæðum ný almannaþingarnefnd ákveður.

Jafnframt verður þeim tilkynnt að e.t.v. er þeirra þörf í nýjum aðgerðastjórnnum og þau beðin að huga að frekara starfi fyrir almannaþingarnir.

## 5. **Önnur mál**

- a) Rætt var um fjarskiptakerfi almannavarna.  
Fram kom að Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra er hætt að standa fyrir prófun á WHF talstöðvakerfi því sem lengst af hefur verið notað á vegum almannavarna í landinu.  
Treysta á TETRA-kerfið í framtíðinni en lögregla, slökkvilið og björgunarsveitir hafa verið að TETRA-væðast að undanfögnu.  
Við fyrstu athugun er talið rétt að AÁ eignist nokkrar TETRA talstöðvar sem verða í vörslu yfirstjórnenda AÁ hverju sinni.
- b) Framkvæmdastjóra falið að tilkynna um nýja nefnd almannavarna og leggja fram nafnalista ásamt símanúmerum.
- c) Umræður urðu um fjöldahjálparstöðvar. Rætt um að nauðsynlegt væri að senda fólk á vegum AÁ á námskeið um starf fjöldahjálpastöðva.
- d) **Næsti fundur:**  
**Næsti fundur AÁ verður fimmtudaginn 12. febrúar n.k. kl. 14.00 í Fundarsal Ráðhúss Árborgar Austurvegi 2, III hæð.**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12.30

-----

Vefur Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra er:

[www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)

Margt fróðlegt er þar að finna !